

KEILUSKURÐUR – ÁHRIF Á MEÐGÖNGU

Ef kona hefur farið í keiluskurð á leghálsi tilheyrir hún “gulum hópi” hvað varðar áhættu á meðgöngu og ætti að öllu jöfnu að bjóða henni tíma/viðtal hjá ráðgefandi fæðinga- og kvensjúkdómalækni.

Ef konan hefur fætt fullburða barn (37v) eftir keiluskurðinn þarf hún þó ekki að fá þennan tíma hjá fæðingalækni. Sama gildir ef hún hefur verið hjá fæðinga- og kvensjúkdómalækni á stofu í byrjun meðgöngu og afstaða hefur þá verið tekin til hugsanlegs eftirlits á meðgöngu.

Ekki hefur verið sýnt fram á að einn venjulegur keiluskurður auki hættuna á fyrirburafæðingu í síðari meðgöngu.

Ástæða er til sérstaks eftirlits eftirlits ef:

- óvenjustór keiluskurður
- tvítekinn keiluskurður
- fyrri fyrirburafæðing
- núverandi tvíburameðganga

Þá er mælt með því að mæla legháls með ómun frá 16 vikna meðgöngu og vera vakandi fyrir leggangasýkingu.